

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Byggðasafnsins Hvols, Dalvík.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 28. október 2013 stofnskrá Byggðasafnsins Hvols, Dalvík.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 25. júní 2015.*

F.h. safnaráðs,

**Ágústa Kristófersdóttir** framkvæmdastjóri.

### Fylgiskjal.

#### STOFNSKRÁ fyrir byggðasafn Dalvíkurbyggðar.

##### 1. gr.

Heiti safnsins er Hvoll og starfar það sem byggðasafn Dalvíkurbyggðar. Minjasvæði þess er lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Heimilisfang er við Karlsrauðatorg, Dalvík.

##### 2. gr.

Safnið var formlega opnað 12. desember 1987.

##### 3. gr.

Eigandi safnsins er Dalvíkurbyggð. Kostnaður af rekstri safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhagsáætlun hvert ár. Allur arður af starfsemi skal renna til safnsins sjálfs.

##### 4. gr.

Safnið skiptist í þrjár deildir, sem allar eru staðsettar í húsakynnum safnsins að Hvoli, við Karlsrauðatorg, Dalvík. Deildirnar eru þessar:

- 4.1 Byggðasafn
- 4.2 Náttúrugripasafn
- 4.3 Minningarstofur um þekkt einstaklinga byggðarlagsins

##### 5. gr.

Byggðasafnið Hvoll starfar samkvæmt gildandi safnalögum nr. 141/2011 og síðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums).

##### 6. gr.

Með vísan til safnalaga er meginhlutverk safnsins að safna, skrásetja, forverja, varðveita, rannsaka og kynna menningarsögulegar minjar byggðarinnar.

Sérstök áhersla er lögð á að kynna líf og störf Svarfdælinganna, Jóhanns Péturssonar „Svarfdælings“ og Kristjáns Eldjárns, fyrrum forseta Íslands.

Þá er það hlutverk safnsins að sýna/kynna á sem eðlilegastan hátt muni byggðarlagsins og náttúrugripi, sem safninu kunnir að hafa áskotnast á hverjum tíma, og setja upp sérsýningar á eigin vegum eða í samvinnu við aðrar stofnanir. Þá skal safnið gangast fyrir fyrirlestur, leiðsögn um safnið og annarri kynningu, t.d. útgáfu kynningarrita.

Söfnunar- og sýningarstefnu safnsins skal endurskoða reglulega. Safnið lánar muni öðrum söfnum samkvæmt almennum reglum um millisafnalán.

Safnið getur einnig veitt ráðgjöf um meðferð og varðveislu hvers konar menningarminja (muna og mynda) í eigu annarra á minjasvæðinu s.s. einstaklinga eða fyrirtækja.

7. gr.

Allir munir skulu skráðir samkvæmt viðurkenndu skráningarkerfi þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Heiti á safngrip og notagildi hans.
2. Aldur safngrips.
3. Nafn þess er gerði safngripinn.
4. Nafn eiganda, gefanda og notanda.
5. Hvaðan og á hvern hátt safngripur er kominn í safnið.

8. gr.

Byggðasafnið Hvoll heyrir undir sveitarstjórn Dalvíkurbyggðar en hún hefur falið menningarráði sveitarfélagsins stjórn safnsins.

Sviðsstjóri menningarmála hjá Dalvíkurbyggð ræður forstöðumann fyrir safnið í samvinnu við menningarráð.

Forstöðumaður safnsins skal hafa sérfræðimenntun á sviði menningar og/eða safnafræða. Forstöðumaður situr að jafnaði fundi menningarráðs þegar fjallað er um málefni safnsins.

9. gr.

Forstöðumaður ber ábyrgð á rekstri og stjórnarsýslu safnsins, þar með talið fjármálum og starfsmannamálum. Hann sér um faglega starfsemi safnsins.

Forstöðumaður ræður safnverði til vinnu yfir sumarmánuði sem eru vel að sér í sögu svæðisins.

10. gr.

Verði safnið lagt niður skal munum þess ráðstafað af eigendum í samráði við höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu og öðrum eigum skal ráðstafað í samráði við ráðuneyti mennta- og menningarmála.

11. gr.

Stofnskrá þessi byggir á stofnskrá frá árinu 2002 og var endurskoðuð þann 18. febrúar 2009.